



Akureyrarbær

FRÆÐSLUSVIÐ

Minnisblað

Efni: Staða endurskoðunar á skólastefnu Akureyrarbæjar

Líkt og fram kom í minnisblaði 16. maí 2018 stendur yfir vinna við endurskoðun skólastefnu Akureyrarbæjar. Lagt er upp með að endurskoðuð skólastefna verði framsýn, afmörkuð og skýr og byggi á gögnum, reynslu og rannsóknum. Lög og reglugerðir ramma inn vinnuna en lögð er áhersla á að horft verði til framtíðar og þættir sem stuðla að vandaðri menntun á öllum skólastigum verði ávarpaðir með skýrum hætti.

Staðan vinnunnar er þessi:

- Verið er að vinna úr viðtölum sem tekin voru við breiðan hóp fólks úr skólasamfélaginu um kosti núverandi skólastarfs, það sem betur megi fara og stefna beri að á næstu árum.
- Gögn um alþjóðlega þróun skólastarfs síðustu ára liggja fyrir.
- Gögn um þróun skólastarfs síðustu ára á Akureyri liggja fyrir.
- Starfshópur vinnur nú að gerð tillagna um inntak og framsetningu stefnunnar.

Um 15. október er reiknað með að drög að skólastefnunni liggi fyrir sem fari þá til umsagnar hjá bæjaryfirvöldum og öðrum hagsmunaaðilum skólasamfélagsins.

28.8.2018 / KF